

193. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn á Biskupsstofu, Grensáskirkju

Fimmtudaginn 8. júní 2023.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins sem stýrði fundi, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri KGRP og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Sigurgeir Skúlason starfsmaður Kirkjugarðaráðs og Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Gestir fundarins voru Halldór Arason endurskoðandi og Sindri Guðmundsson vefhönnuður.

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur kl. 13.00.* Farið yfir ársreikning 2022 vegna framlags ríkisins til kirkjugarða. Halldór Arason endurskoðandi kynnti. Kirkjugarðaráð samþykkti ársreikninginn og undirritaði hann.
2. *Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.*
3. *Námskeið á Snæfellsnesi um málefni kirkjugarða.* Smári Sigurðsson kynnti. Guðmundur og Smári fluttu erindi í félagsheimilinu Breiðabliki þann 7. júní sl. Námskeiðið var haldið að ósk skipulagsfulltrúa Snæfellsbæjar og var á vegum Kirkjugarðaráðs, Snæfellsbæjar, Kirkjugarðasambands Íslands og Vesturlandsprófastsdæmis.
4. *Drög að uppfærðum vef og nýju merki Kirkjugarðaráðs.* Sindri Guðmundsson kynnti. Nýtt merki og útlit nýs vefjar samþykkt af stjórn.
5. *Haustferð.* Guðmundur Rafn Sigurðsson kynnti.
6. *Septemberfundur.* Fundað verður 21. september nk. kl. 13:00.
7. *Önnur mál.* Rætt um starfslýsingu vegna nýs framkvæmdastjóra. Valtý, Ingvari og Smára falið að skoða nýja starfslýsingu.

Fundi var slitið kl. 14.50